

Málsnr.: 2001033  
Dalabyggð Málaskrá

20. JAN. 2020

Bréfalykill: 09.03.02

Sveitarstjórn Dalabyggðar,  
Miðbraut 11,  
370 Búðardalur.

Reykjavík 9.1.2020

Umsókn um lögbýli á Selárdal

Undirritaður óskar hér með eftir að Selárdalur, landnúmer 137957, verði skráð lögbýli.

Stutta forsögu jarðarinnar má lesa í meðfylgjandi bréfi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands.

Selárdalur er ca. 1881ha að stærð.

Telja má af loftmyndum að ræktuð tún hafi verið ca. 7ha.

Áhugi nýrra eigenda er að stofna til skógræktar í samstarfi við Skógræktina en til þess þarf lögbýlisrétt. Einnig er áhugi til að koma þar upp húsakosti, sem getur nýst til ferðaþjónustu og útvistar s.s. gönguferða, hjólaferða o.fl..

Til glöggvunar meðsendist landamerkjabréf fyrir jörðina Selárdal auk loftmyndar með innfærðum landamerkjum.

Með þakklæti og virðingu

  
Halldór Johannsson,  
Vatnsstíg 18,  
101 Reykjavík.



# Búnaðarsamtök Vesturlands

Athugun á búrekstrarskilyrðum á jörðinni Selárdal í Dalabyggð.

Jörðin Selárdalur, landnúmer 137957, er í dag talin eyðijörð.

Þar var búið til ársins 1948 þegar eigendur og ábúendur, Kristján Guðmundsson og Ásdís Kjartansdóttir, fluttu ásamt börnum sínum Erlu, Gunnari og Kristínu að Bugðustöðum í sömu sveit.

Eftir það voru tún slegin að nokkru leyti og tilviljanakennt en alls ekkert á síðustu áratugum.

Þar er nú enginn húsakostur, þangað er lítið vegasamband, ekkert rafmagn né vatnslagnir.

Eftir fráfall Kristjáns og Ásdísar eignuðust börn þeirra jörðina samkv. skiptayfirlýsingu dags. 8. mars 2005.

Þau hafa nú selt jörðina til núverandi eiganda samkv. afsali dags. 26.9.2019.


Selárdalur er ca. 1881ha að stærð. Telja má af loftmyndum að ræktuð tún hafi verið ca. 7ha.

Áhugi eigenda er að stofna til skógræktar í samstarfi við Skógræktina en til þess þarf lögþýlisrétt.

Einnig er áhugi til að koma þar upp húsakosti, sem getur nýst til ferðaþjónustu og útvistar s.s. gönguferða, hjólaferða o.fl..

Búnaðarsamtök Vesturlands mæla með því að jörðin Selárdalur verði að lögþýli.

Hvanneyri 09.01.2020  
F.h. Búnaðarsamtaka Vesturlands

  
Anton Torfi Bergsson  
Anton Torfi Bergsson



Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes Sími: 437 1215 Fax: 437-2015  
Heimasíða: [www.buvest.is](http://www.buvest.is) Netfang: [bu@bondi.is](mailto:bu@bondi.is)

Nr. 11A.

## Landamerkjabréf fyrir jörðinni Selárdal í Hörðudal.

Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Selárdal í Hörðudal í Dalasýslu.  
Samkvæmt lögum 17. mars 1882.

Frá veginum á Svínbjúgsbrún austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgnum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg, eptir Bustarhryggnum í ármótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt, þaðan eptir því sem án rennur ofan að hólmanum sem fjárrjéttin stendur á, og eptir gamla árfarveginum, sem er undir tjéttinni, þaðan eftir því sem án rennur ofan að Hafradalsármótum. Frá áður greindum vegi á Svínbjúgsbrún vestur Þróskuldardalsbrún, svo eins og vötnum hallar inn á Selárdalssneis, af henni inn á Gautastaðasneis, þaðan sjónhending ofan að Hafradalsárupptökum syðst á Dýadal og eptir því sem án rennur ofan að áðurgreindum ármótum Hafradalsár og Skraumu.

Framanskifuð landamerki samþykkjum við hlutaðeigendur með undirskrifuðum nöfnum okkar.

Gjört í maí 1883.

Kristján Sigurðsson, eigandi Selárdals.

Kristján Kristjánsson, fyrir hönd ómyndugra barna á Gunnarsstöðum (handsalað nafn)

Teitur Jónsson, Helgi Guðmundsson eigendur Hóls.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 11

Vottar  
Halldór Danielsson.

Rétt ljósrit staðfæst.

22.1.8. 20.19



Guðrún H.



4

-64°55'

-21°00'

-65°00'

